

# Áfallaáætlun Laugalandsskóla



2025

# Áfallahjálpi

Þegar áfall ber að, er mjög mikilvægt að brugðist sé rétt við og viðeigandi

ráðstafanir gerðar til að bæta líðan þolanda/polenda, aðstandenda og vina.

Áföll geta verið:

Andlát nákomins ættingja eða vinar, skilnaður foreldra, alvarleg veikindi aðstandenda eða nemanda, slys í umhverfinu eða fleira sem getur valdið áfalli hjá nemanda.

## Áfallaáætlun

### Áföll

Það er stefna Laugalandsskóla að bregðast vel og rétt við þeim áföllum sem nemendur og starfsmenn skólans kunna að verða fyrir jafnt innan skólans sem utan. Einnig þurfa starfsmenn að geta brugðist við þeim áföllum sem mæta byggðarlaginu í heild.

Sem dæmi um þau áföll sem hér um ræðir má

nefna:

- Alvarleg slys eða dauðsföll nemenda, foreldra þeirra og náninna ættingja.
- Alvarleg slys eða dauðsföll á meðal starfsmanna.
- Langvarandi veikindi.
- Slys í vettvangsferðum.
- Skilnaður foreldra.
- Atvinnumissir foreldra.
- Önnur áföll sem upp kunna að koma.

### Viðbrögð við áfalli:

Þegar brugðist er við áföllum líkum þeim sem talin eru upp hér að ofan þarf að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Mismunandi getur verið hvernig brugðist verður við þ.e. hvort áfallið verður á skólatíma eða utan skólatíma. Ef áfallið verður á skólatíma þarf að bregðast mjög skjótt við til þess að aðstoða börn og starfsmenn sem fyrir áfallinu verða. Í slíkum tilfellum er ákvörðun um viðbrögð í höndum skólastjórnenda í samráði við það starfsfólk sem er til staðar. Ef áfallið verður utan skólatíma gefst meiri tími til undirbúnings og auðveldara ætti að vera að ná til fagfólks til aðstoðar ef þurfa þykir.

#### 1 - Slys og dauðsföll nemenda:

Ef upplýsingar berast til skólans um að nemandi hafi slasast illa eða látið lífið t.d. vegna sjúkdóms eða slysfara verður strax leitað eftir staðfestingu á atburðum hjá fjölskyldu, heilsugæslu, sóknarpresti eða lögreglu. Þegar staðfesting hefur fengist eru starfsmenn

skólans látnir vita eins fljótt og auðið er (hringt í starfsmenn ef þeir eru ekki í vinnu). Haft er samband við sóknarprest eða annan fagaðila í áföllum og hann beðinn um að koma í skólann og ræða við nemendur og starfsmenn. Skólastjórnendur meta það í samráði við fagaðila hver upplýsir nemendur og hvernig. Reynt er eftir föngum að halda dagskipulagi. Umsjónakennari/ aðrir starfsmenn aðstoða börn skólans við að útbúa samúðarkort og/eða kveðjur. Skólastjórnandi og aðrir aðilar skólans sem nánir eru heimsækja fjölskyldu og færa blóm og kveðjur frá skólanum. Flaggað er í hálfa stöng við andlát.

## 2 - Sly og dauðsföll foreldra og náninna ættingja:

Ef upplýsingar berast til skólans um að foreldrar, systkini eða aðrir nákomnir ættingjar hafi slasast illa eða látið lífið t.d. vegna sjúkdóms eða slysfara er leitað eftir staðfestingu á atburðum. Þegar staðfesting hefur fengist um að foreldrar eða systkini hafi slasast eða látist, er gripið til álíkra ráða og segir í lið 1. Þar að auki stofnar stoðþjónusta teymi um nemanda þar sem fundað er með foreldrum/forráðamönnum eins og þurfa þykir til þess að fylgjast með líðan og námsframmistöðu. Mikilvægt að nemendur sem lenda í alvarlegum áföllum fái áframhaldandi áfallahjálp frá fagaðila.

Ef um aðra nákomna ættingja eða vini er að ræða er leitað eftir samráði við fjölskyldu um á hvern hátt brugðist er við. Viðbrögð í slíkum tilvikum getur verið talsvert mismunandi. Þar getur spilað inn í hversu nán tengsl eru á milli aðila. Hér þurfa að koma til væntingar og upplýsingar frá fjölskyldu um tilfinningar og upplifun barnanna af viðkomandi atburðum.

Afar mikilvægt er að bæði starfsmenn og nemendur fái leiðsögn um framkomu við nemanda sem snýr aftur í skólann eftir sly eða dauðsföll foreldra eða náninna ættingja.

## 3 - Sly og dauðsföll á meðal starfsmanna:

Ef upplýsingar berast til skólans um að starfsmenn eða aðrir aðilar sem tengjast skólanum náið hafi slasast illa eða látist, er leitað eftir staðfestingu á atburðum. Um viðbrögð innan skólans er farið eftir sama ferli og um getur í lið 1.

Bent er á eftirfarandi stuðningsefni fyrir lið 1-2

<https://island.is/s/landspitali/fraedsluefni/afoll-afallastreita-og-afallahjalp>

Safn af lestrarefni um sorg og sorgarviðbrögð barna á bókasafni skólans.

<https://www.almannavarnir.is/forvarnir-og-fraedsla/stjornun-adgerda/born-og-afoll/>

## 4 – Langvarandi veikindi á meðal nemenda eða veikindi á heimilium þeirra:

Ef upplýsingar berast til skólans um að nemendur eða nánustu ættmenn þeirra þjáist af langvarandi alvarlegum sjúkdómum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn. Upplýsingar sem færðar eru nemendum eru ákvarðaðar í samráði við foreldra eða forráðamenn.

## 5 – Slysi í vettvangsferðum:

Í öllum vettvangsferðum eru nemendur undir eftirliti starfsmanna skólans. Ef nemandi verður fyrir slysi í vettvangsferð mun starfsmaður meta aðstæður og alvarleika slyssins. Ef slysið er alvarlegt hefur starfsmaður strax samband við neyðarlínu í síma 112, eða lækni sem vitað er um í nágrenni við slysstað. Starfsmenn á vettvangi hafa samband við skólastjórnendur eins fljótt og auðið verður og veita upplýsingar um ástand hins slasaða og hvert ráðgert sé að flytja hann til aðhlynningar. Skólastjórnendur munu þá þegar hafa samband við foreldra viðkomandi nemanda og liðsinna þeim eftir föngum. Ef slysið er mjög alvarlegt er að mestu fylgt viðbragðsplani samkvæmt lið 1.

Önnur áföll má flokka áföll s.s. skilnað foreldra, atvinnuleysi þeirra, eldsvoða á heimili, o.fl. Um leið og upplýsingar berast um slík áföll eru starfsmenn upplýstir um stöðu mála. Starfsmenn styðja við bakið á nemendum eins og kostur er. Á slíkum stundum þurfa börnin að fá mikinn stuðning og skilning frá starfsfólki og skulu starfsmenn og nemendur fá leiðbeiningar frá fagaðila um hvernig rætt er um áfallið í skóla. Einnig mun skólinn bregðast við áföllum sem kunna að dynja yfir samfélagið í heild sinni. Hvort heldur að um sé að ræða náttúruhamfarir, slys, farsóttir eða önnur þau áföll sem kunna að ganga yfir það samfélag sem hann þjónar og leitar eftir aðstoð fagaðila þar sem þurfa þykir.

## 7 – Almenn um aðstæður í skólanum:

Stefnt er að því að allir starfsmenn skólans séu vel undirbúnir til að takast á við þau áföll sem mætt geta þeim í starfi. Skipulögð verða námskeið fyrir alla starfsmenn um sorg og sorgarviðbrögð þar sem farið er yfir helstu viðbrögð og aðgerðir innan skólans. Á bókasafni skólans verður tryggt að til sé skrá yfir bækur er fjalla um sorg og sorgarviðbrögð. Einnig verður þar sérstök skrá yfir bækur sem gott er að lesa fyrir börn, þegar tekist er á við þá óvissu og sorg sem fylgir áföllum og slysum.

## Umhverfi og slysavarnir

Það er stefna Laugalandsskóla að allt starfsumhverfi hans sé hættulaust, jafnt fyrir nemendur og starfsmenn. Það er einnig stefna skólans að allir starfsmenn hans hafi þekkingu á og æfi rétt viðbrögð við hvers konar vá sem yfir getur dunið á skólatíma.

Stefnt er að því að leikvöllurinn sé skipulagður með þarfir nemenda í huga. Leikvöllurinn og leiktæki skólans þurfa að vera aðlaðandi og þannig úr garði gerð að þau skapi ekki hættur. Í þeim málum er reynt að fylgja gildandi lögum og reglugerðum um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim (<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/942-2002>).

Það er krafa að allt umhverfi skólans þ.m.t. leiksvæði, göngustígar og almennt aðgengi að honum sé vel upplýst í skammdeginu. Það er einnig krafa að stöðugt sé unnið að hálkueyðingu á skólalóð og öðrum ferðaleiðum nemenda, foreldra og starfsmanna þegar þurfa þykir.

Unnið er að því að lagfæra skólahúsið ef á þarf að halda en áhættumat er gert einu sinni á ári

til að ganga úr skugga um að allt sé í lagi. Haft er að leiðarljósi að skólahúsið hæfi þeim nemendum sem þar eru hverju sinni og að þar leynist ekki slysagildirur. Í útiveru eru starfsmenn ávallt með börnunum og fer fjöldi starfsmanna eftir gerð og stærð nemendahópsins hverju sinni. Allir starfsmenn skólans skulu hafa undirstöðuþekkingu í skyndihjálp og slysavörnum.

### Rýmingaráætlun

Í skólastarfi þar sem nemendur starfa daglega saman auk starfsmanna, þarf að gera ráð fyrir að óvæntir og hættulegir atburðir geti komið upp. Við slíkum atburðum verður skólinn að geta brugðist eins vel og faglega og kostur er. Í sumum tilfellum getur þurft að rýma skólahúsið í skyndi þ.e. til þess að forða nemendum og starfsmönnum frá hættu sbr. ef upp kemur eldur á skólatíma og brunabjalla hringir og eins ef jarðskjálftar dynja yfir. Ef rýma þarf skólann skyndilega þá hafið eftirfarandi atriði í huga:

Ath. aðstæður og hvar næsta flóttaleið sé en þær eru merktar yfir gluggum/dyrum.

Starfsmenn reyna að halda ró sinni og aðstoða nemendur eftir föngum.

Hver starfsmaður fer út með þann hóp sem hann sér um þegar bjallan hringir (ekki er hugsað um að fara í skó, hlífðarföt eða taka dót með sér).

Hver kennari sér um talningu á sínum nemendum og gerir manntal til þess að fullvissa um að allir séu komnir út. Ef slys hefur orðið eða ef einhverri er saknað verður það tilkynnt til björgunaraðila eins fljótt og unnt er. Starfsmenn munu að sjálfsögðu hefja aðgerðir til aðstoðar eins og aðstæður leyfa. Tryggja verður þó að slíkar aðgerðir orsaki ekki meiri hættu.

(Athugið að eins getur þurft að rýma skólann ef nota þarf skólahúsnæðið sem fjöldahjálparstöð, en Laugaland er skráð sem fjöldahjálparstöð sem áætlað er að sé starfrækt undir stjórn Rauða kross Íslands. Fjöldahjálparstöð er m.a. opnuð ef taka þarf á móti fólki úr nærsveitum, sem yfirgefa þarf heimili sín og eða vinnustaði í skyndi vegna aðsteðjandi hættu.)

### Náttúruvá og önnur vá á skólatíma

#### Jarðskjálfti

Ef jarðskjálfti dynur yfir á skólatíma ber starfsfólki að hjálpa nemendum við að skýla sér og leita skjóls undir borðum og að öðru leyti að hlífa sér eftir föngum. Húsnæðið er síðan rýmt samkvæmt rýmingaráætlun. Ef illviðri geisar þegar jarðskjálfti ríður yfir verður reynt að leita skjóls í nágrenni skólans. Varast ber þó að leita skjóls undir háum húsveggjum og í nágrenni við glugga. Starfsmenn skólans munu annast um nemendur uns þeir verða sóttir af foreldrum eða forráðamönnum. Ef jarðskjálfti verður í útiveru og börnin eru í vettvangsferð í nærumhverfi skólans kemur kennari með nemendur á sparkvöll skólans.

#### Bruni

Ef eldur verður laus í skólahúsnæðinu eða ef eldvarnarkerfið gefur slíkt til kynna verður skólinn rýmdur tafarlaust. Í hverju rými er spjald sem sýnir öruggustu rýmingarleiðirnar. Nemendur og starfsmenn yfirgefa skólann og safnast saman á söfnunarsvæði. Nemendur og starfsmenn fara eftir gildandi ráðleggingum um rýmingu

húsnæðis í eldsvoða t.d. með því að kanna hitastig og stöðu elds og reyks í húsnæðinu. Ef ferðast þarf um rými sem reykur er í verður reynt að tryggja að nemendur fari með gólfum. Á söfnunarsvæði er gert manntal til þess að tryggja að enginn hafi orðið eftir inni. Bruni er tilkynntur á hefðbundinn hátt til Neyðarlínu. Á meðan beðið er eftir slökkviliði annast starfsmenn skólans nemendurna og koma þeim í skjól í nærliggjandi byggingum. Starfsmenn reyna síðan eftir föngum að tryggja að allir nemendur komist til síns heima með öruggum hætti.

### Óveður

Ef fella þarf niður skóla vegna óveðurs, verður það tilkynnt í tölvupósti eða smáskilaboðum eins fljótt og hægt er. Þegar óveður geisar við upphaf skóladags, þá er það alfarið á ábyrgð foreldra hvort þeir senda börn sín í skólann eða ekki. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á á skólatíma og skólabílar/foreldrar komast ekki sjálfir að sækja börn sín verður nemendum ekki hleypt heim nema í öruggri fylgd aðila sem foreldrar ábyrgjast eða björgunarsveitarfólki. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans munu annast nemendur þar til þeir komast heim.

### Önnur v.s. eldgos, flóð, eitranir, hryðjuverk o.fl.

Um aðra v.s. sem dunið getur yfir samfélagið á skólatíma gilda hefðbundin viðbrögð sem snúast fyrst og fremst að því að tryggja nemendum sem mest öryggi. Ætíð verður reynt að vinna úr öllum slíkum málum í samráði við foreldra, lögreglu, björgunarlið eða hvern þann aðila sem komið getur að liði.

### Fjöldahjálparstöð

Laugaland er fjöldahjálparstöð. Slík stöð gæti verið opnuð ef einhverjir þeir atburðir gerast sem ógnað geta lífi og velferð íbúa á Suðurlandi. Sem dæmi um slíka atburði má nefna jarðskjálfta, flóð og öskufall frá eldgosum, bruna eða hrun fjölmennra bygginga og hópslys af einhverju tagi svo að eitthvað sé nefnt. Ef nauðsyn er til að opna fjöldahjálparstöð í skólahúsnæðinu á skólatíma, verða nemendur sendir heim í samráði við foreldra.

### Æfingar

Ráðgert er að nemendur og starfsmenn taki þátt í æfingum í viðbrögðum við ofangreindum hættum. Leitast verður við að hafa samráð við fagaðila um skipulag og úrvinnslu æfinganna.

### Neyðarupplýsingar

Mikilvægt er fyrir starfsemi skólans að hafa staðgóðar upplýsingar um hvar hægt er að ná í aðstandendur nemenda ef slys eða aðra v.s. ber að höndum á skólatíma. Einnig er mikilvægt að vita hvort nemendur eru haldnir einhverjum líkamlegum kvillum sem hugsanlega geta truflað þá í leik og starfi.

### Lokun skólans

Ef húsnæði skólans hefur orðið fyrir tjóni vegna bruna eða náttúruhamfara og stenst ekki kröfur reglugerða varðandi öryggi barna skal honum lokað. Tekið verður á móti nemendum aftur í skólann um leið umhverfi og öryggi barna er tryggt.